

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 292

nóvember 2015



Nóvember 2015. Blað nr. 292
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdammi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku,
kóresku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku,
tyrknesku og þýsku. Þrjátíu
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur
út sex sinnum á ári.

Lionskrifstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2015 – 2016
Fjölumdamisstjóri: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,
Lkl. Viðarri.
Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.
Fjölumdamisritari: Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Fjölumdamisgjaldkeri: Guðmundur
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumdamisstjóri: Tryggvi
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Vara fjölumdamisstjóri: Árni
Brynjólfr Hjaltason Lkl. Njarðvíkur
Protokol- og þingsstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,
Lkl. Akraness.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,
Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.
Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl.
Seylu.
GMT/konur í Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
NSR-AU nefndarmaður/
Lestarátaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir,
Lkl. Fold.
Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.
Embla
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv.
alþjóðastjórnarmaður, Lkl.
Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.
Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.
Ungmennaverkefnastjóri: Anna
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður:
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Laganefnd (form.): Kristinn
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J.
Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Varaumdæmisstjóri 109A: Gunnar
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Varaumdæmisstjóri 109B: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.



Fjölumdamisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftanes.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Framkvæmdastjóri
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Dr. Jitsuhiro
Yamada Japan
Immediate Past President: Joseph
Preston USA
First Vice President: Robert E. Corlew
USA

Second Vice President:
Naresh Aggarwal Indland
First Year Directors
Melvin K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
Bill Phillippi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
G Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick "Rod" Wright,
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:
Svein Øystein Berntsen,
Jorge Andrés Bortolozzi,
Eric R. Carter
Charlie Chan,

Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Papas,
Jouko Ruissalo,
N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong –Ho Son
Linda L. Tincher
Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Rettby,
Emine Oya Sebüz
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Tekin þegar
Lionshreyfingin afhenti söfnunarfé úr
Rauðu fjaðrar sófnunni til styrktar
kaupa á leiðsöguhundum fyrir blinda
og sjónskerta.



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Annað blað starfsársins er nú komið út. Vinnan við gerð blaðsins hefur gengið ágætlega en mikið álag er síðustu dagana sem skilafresturinn er. Ég set þá vinnu ekki mikið fyrir mig en það getur orðið til þess að útgáfa blaðsins tefjist um nokkra daga því að mörgu er að hyggja við frágang og undirbúning. Það væri óskastaða að fleiri greinaskrifendur (klúbbar) myndu skila greinum sínum fyrr sem gerir vinnuna við útgáfuna öruggari og betri sem síðan leiðir til þess að líklegra er að tímasetning útgáfu og dreifingar standist.

Nú eru allir klúbbar komnir af stað með vetrarstarf sitt og er það gott svo búast má við að fleiri klúbbar fari að skila greinum í blaðið. Klúbbar eru mis duglegir við að koma frá sér efni í blaðið sem ég voni að breytist á næstu misserum. Ég auglýsi sérstaklega eftir greinum frá klúbbum sem skrifa sjaldan í blaðið og taki það til sín hver sem vill.

Í þessu blaði er nýr greinapáttur sem ég ætla að koma á í vetur. Það er greinar um sögu lionsklúbba á Íslandi. Það er elsti klúbbur landsins sem riður á vaðið, Lionsklúbbur Reykjavíkur og mun ég reyna að fá einn klúbb í hvert blað til að skrifa stutt ágríp af sögu sinni ásamt myndum.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar verður hér á Íslandi um mánaðarmótið október, nóvember og í þessu blaði eru auglýsing um hvar við félagar munum taka á móti honum sem ég vona að sem flestir lionsmenn á Íslandi geri. Vonandi verður blaðið komið tímanlega út svo félagar geti lesið auglýsinguna.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Dr. Jitsuhiro Yamada alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Kynning:

Dr. Jitsuhiro Yamada

alþjóðaforseti



Dr. Jitsuhiro Yamada frá Minokamo, Gifu, Japan var kosinn alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar á 98. alþjóðafingri hreyfingarinnar sem haldið var í Hawaii Bandaríkjunum í lok júní 2015.

Yamada er taugaskurðlæknir að mennt og er meðlimur í Minokamu Lionsklúbbum og hefur verið lionsfélagi síðan árið 1985. Hann hefur gegnt mörgum embættum í hreyfingunni, m.a. umdæmisstjóri, aðstoðar GLT (fræðslustjóri) fyrir sinn heimshluta. Hann sat í alþjóðastjórn frá árinu 2005 til 2007 sem fulltrúi í framkvæmdanefnd og í langtíma-stefnumótunarnefnd og vara formaður þingnefndar fyrir alþjóðafing. Hann sat í ráðgjafanefnd fyrir Alþjóðaforseta á árunum 2011 til 2012. Fyrir störf sín fyrir Lionshreyfinguna hefur Yamada alþjóðaforseti fengið margar viðurkenningar s.s. viðurkenningu samstarfsaðila að mannúðarmálum, forsetaorðuna 10 sinnum, Ambassador of Good Will Award (sem er æðsta viðurkenning sem lionsfélagi getur fengið. Hann er líka Progressive Melvin Jones félagi, þ.e. hefur verið gerður að Melvin Jones féлага oftast en einu sinni.

Yamada hefur fengist við margt annað en lionsstörf. Hann er í stjórn margra samtaka þar á meðal Social Medical Coporation

Koseikai, Nozominooka sjúkrahússins og Ajsai Nursing College. Hann er sitjandi forseti Japönsku sjúkrahússamtakanna og AFFILIATE prófessor við Háskólann í Gifu. Hann hefur verið virkur í alþjóða samskiptum og hefur verið forseti fyrir samskiptum Gifu við Ungverjaland, Gifu við Markokkó og Gifu við Salzburg samtökun. Ásamt svo mörgu öðru.

Yamada forseti Lionshreyfingarinnar og kona hans Dr. Tohiko Yamada sem er líka í Lions og er einnig Progressive Melvin Jones félagi eiga einn son, eina dóttir og þrjú barna börn.

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Umlykjum anda þess að þora

Pistill frá alþjóðaforseta

Fyrir áratug síðan var ég þess heiðurs aðnjótandi að heimsækja heimilið í Calcutta á Indlandi, þar sem móðir Teresa hjúkraði þeim sem voru allslausir. Ástríki hennar fyrir öðrum hafði geysileg áhrif, ekki aðeins á þá sem hún hjálpaði, heldur einnig hvatning til annara, að feta í fótspor hennar. Móðir Teresa var hvorki rík né valdamikil. Hún var ekki með skrifstofu. Hún beitti engum her. Hún átti svo til ekki neitt. Samt breytti hún veröldinni. Stórkostlegt hvað einn einstaklingur getur afrekað á vegferð sinni! Líf hennar var eiginlega kaldhæðnislegt og fræðandi fyrir Lionsfólk. Við í Lions erum ekki einfara í vinnu okkar, við þjónum saman. Við göngum í klúbb vegna þess að við getum afrekað miklu meira með því að vinna saman. Við vitum að við erum ekki Móðir Teresa, og það er í lagi. Við gerum hvað við getum eftir okkar eigin hæfileikum. Takmörk okkar geta verið okkur í hag, vegna þess að með því að vinna með öðrum Lionsfélögum færir okkur miklu meira heldur en að bauka ein og sér. Svo, Lions-

félagar, takið eins mikinn þátt í klúbbstarfinu og þið getið. Takið einnig þátt í alþjóðastarfinu. Hjálpið til að uppfylla aldarafmælis markmiðin varðandi hungur, ungt fólk, sjón og umhverfisvernd. Styrkið L.C.I.F. Takið inn nýja féлага. Verðið með okkur í hinni fallettu Fukuoka í Japan á næsta ári, á nútugasta og níunda Alþjóðafinginu. Það er meira en styrkur í fjölmenni, Það er einnig tækifæri til að endurbýggja félagssamtök. Það er gott að þú ert í Lions. Þakka þér fyrir þjónustu þína og hollustu. En reyndu alltaf að taka þátt í alþjóðastarfinu og styðja við okkar góðu verkefni. Það er auðvelt að sitja á rassinum og gera bara þetta venjulega. En nú er tíminn til að vera Lion sem stígur út úr þægindarammanum og lætur liðveislur sína skifta meira máli í lífinu. Ég heyrði einu sinni sagt að lífið væri annaðhvort dirfskufullt ævintýri, eða ekki neitt. Svo við skulum vera ævintýralegt og dirfskufull. Verðum Lion.

Dr. Jitsuhiro Yamada

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar



Eftirmáli:

Til eftirbreytni sem samvinna og dirfska. Richard Plante Svæðisstjóri og fráfarandi formaður La Sarre lionsklúbbsins í Quebec í Canada, leiddi leiðangur sem kleif Kili-manjaro, 19.341 feta hátt. Verkefnið safnaði 50.000 dollurum sem runnu til Sjúkrahúss.

Þýðing: Geir Hauksson

Skilafrestur á efni í næsta blað er 26. nóvember

Frá Fjöllumdæmisstjóra

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjöllumdæmisstjóri




Kæru Lionsfélagar nú gerum við ráð fyrir að starfið sé komið í fastan farveg og unnið sé eftir þeim markmiðum sem klúbbar hafa sett sér um verkefni starfsársins og með hvaða hætti þeir ætla sér að ná markmiðum sínum.

Þann 17. september s.l. hélt Blindrafélagið stofnfund Leiðsöguhundadeildar innan félagsins. Þar voru afhentir leiðsöguhundar notendum sínum en það voru tvær konur sem voru að fá hund í annað sinn en það sýnir glögglega hve nauðsynleg hjálpartæki hundarnir eru. Við það tilefni afhenti Lionshreyfingin söfnunarfé frá söfnuninni Rauð fjöður síðastliðið vor, söfnunarpuppheðin að frádregnum kostnaði nam alls 15.087.617,00 krónur en sú upphæð fer langt með að dekkja kostnað við kaup á þremur leiðsöguhundum. Við færum Blindrafélaginu og hinni nýstofnuðu deild okkar bestu óskir um gott gengi og bjarta framtíð.

Dagana 30. og 31. október mun Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Dr. Jitsuhiro Yamada dvelja hér á landi í heimsókn og er unnið að skipulagningu dagskrár vegna heimsóknar hans. Í Lionsheimilinu Sóltúni 20 mun verða móttaka fyrir hann föstudaginn 30. október milli kl. 17:00 og 19:00, þar eru Lionsfélagar hvattir til að koma og hitta forsetann og fá tækifæri á að ræða við hann um heima og geima.

Evrópuþing Lionshreyfingarinnar var haldið í Augsburg í Þýskalandi dagana 8.- 11. október og var umgjörð þess öll hin glæsilegasta og skipulag gott. Þar funduðu Ungmennaskiptastjórar Evrópuþjóðanna og gerðu samninga um ungmennaskipti fyrir næsta sumar og voru það þau Brynja V. Þorsteinsdóttir Ungmennaskiptastjóri og Pálmi Hannesson Ungmennaskiptafulltrúi í umdæmi 109 A sem komu að þessum



samningum. Einnig funduðu Alþjóðasamskiptastjórar landanna um sín mál og þau verkefni sem mest brenna á Lionshreyfingunni í dag og sat Árni V. Friðriksson Alþjóðasamskiptastjóri fundi fyrir okkar hönd. Makar embættismanna okkar sem eru Lionsfélagar sóttu sér einnig fræðslu sem var í boði á þinginu. Fjöllumdæmisstjórar Evrópu sátu saman þrjá fundi en segja má að þar hafi flóttamanna vandinn verið sá málaflokkur sem tók mestan tíma. Fjöllumdæmisstjórar Norðurlandanna funduðu saman í upphafi þingsins þar var m.a. samþykkt að fræðsla fyrir 1.varaumdæmisstjóra yrði framvegis haldin í Kaupmannahöfn í stað þeirrar fræðslu sem hefur verið á NSR þingum undanfarið. Þá voru einnig í för með okkur þau Guðrún Björt Yngvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson og var Guðrún ein af frummælendum á einni af námstefnunum.

Vef og kynningarteymi hafa unnið mjög skipulega við undirbúning að gerð á nýrri heimasíðu fyrir Lionshreyfinguna og vonumst

við að ný síða sjái dagsins ljós í byrjun árs 2016 og þar með ljúki þeim hremmingum sem vefmálin hafa verið í síðustu misseri.

Um miðjan nóvember munu Lionsklúbbar um allt land bjóða landsmönnum upp á fríar blóðsykur mælingar. Það er liður í baráttu Lionshreyfingarinnar gegn sykursýki í tilefni af alþjóðlega Sykursýkisdeginum þann 14. nóvember. Þetta verkefni hefur mælst vel fyrir hjá almenningi og hefur verið talsverð aukning milli ára á fjölda blóðsykur mælinga og mældu Lionsfélagar á síðasta ári 3953 einstaklinga en þessar upplýsingar eru byggðar á skýrslum frá 35 Lionsklúbbum. Ég vil skora á alla klúbba að taka virkan þátt í þessu átaki og að við setjum okkur það markmið að tvöfalda þann fjölda sem fær þessa einstöku þjónustu frá Lionsfélögum landsins.

Kæru félagar ég óska ykkur góðs gengis í þessu mikilvæga verkefni okkar sem og öllum öðrum verkefnum sem á döfinni eru.

Umdæmisstjóri 109A

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A



Nú þegar október er komin að lokum eru langflestir klúbbar búnir að halda nokkra fundi og komnir á fullt í starfið. Við verðum varir við að starfið hefur farið nokkuð vel af stað en þó hefur borið á nokkurri fækkun síðan í sumar. Bið ég klúbbana að huga að því að

hvort ekki sé flötur á að, féлага- og leiðtoga-teymin veiti aðstoð við að halda í félagana. Það getur verið að aðeins þurfi að skerpa á áherslum í klúbbum eða veita félögum liðsinni í starfinu. Það gæti til dæmis falist í að fá námskeið í fundarstjórn eða fundarsköpum inn í klúbbinn eða einhver þeirra fjölmörgu námskeið sem í boði eru. Í síðasta blaði er yfirlit yfir námskeið sem hægt er að fá í klúbba. Ég vil hvetja félagana og stjórnir klúbba til að nýta sér þau. Alltaf er hægt að senda fyrirspurn á lions@lions.is og fá þá samband við forsvarsmenn námskeiða.

Ég verð að segja að það stórkostlegasta sem er að gerast hjá Lions á Íslandi í haust er framboð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttir til alþjóðaforseta Lions. Það að íslensk kona verði alþjóðaforseti Lions og það að sagt hefur verið frá henni í þeim rúmlega 200 löndum sem Lionshreyfingin starfar í. Þetta þurfum við að nýta okkur til hins ítrasta.

Guðrún hefur verið að heimsækja þing í nokkrum heimsálfum og hefur verið vel tekið og hafa flestir frambjóðendur dregið sig í hlé. Enn á hún eftir að fara á fjölmörg þing og

samkomur og kynna sig. Það kemur þó ekki fram fyrir en fer að vora hvort hún fái mótframboð. Líkurnar minnka sífellt á því.

Ég vil að lokum hvetja félagana til dáða. Það eru nóg verkefni framundan og við munum ekki láta deigan síga. Benda ber sérstaklega á blóðsykurmælingar sem munu fara fram víða í nóvember. Ég vona að sem flestir klúbbar taki þátt í því. Auk þess hvet ég félagana að mæta á aðra viðburði sem eru kynntir hér í blaðinu.

Grein umdæmisstjóra 109B

Stefán Jóhann Árnason

umdæmisstjóri 109B



Vetrarstarfið er hafið. Eitt að verkefnum umdæmisstjóra er að heimsækja klúbba í umdæminu. Þessar heimsóknir eru mjög skemmtilegar og er gaman að sjá hve starf klúbbanna er fjölbreytt og mótað af umhverfi

þeirra. Klúbbar í sjárvarplássum afla m.a. fjár með því að verka fisk og halda kúttmagakvöld á meðan klúbbar sem starfa þar sem landbúnaður er öflugur halda sviðaveislu nú eða taka að sér girðingavinnu. Er það ekki einmitt svona sem þetta á að virka?

Á síðasta starfsári óskuðu þáverandi umdæmisstjórar eftir tölfræðiskýrslum frá klúbbum um allt land og var hugmyndin að greina framlag lionshreyfingarinnar til samfélagsins bæði bein fjárframlög og vinnuframlag. Þetta var gott framtak og áhugavert. Er ekki rétt að halda áfram að safna þessum upplýsingum og fá þannig hugmynd um raunverulegt framlag lionshreyfingarinnar til góðra verka.

Í umdæminu er að finna bæði stóra og litla klúbba, sterka og veika. Það er full ástæða til að minna alla lionsklúbba á að Lionshreyfingin á mjög gott námsefni. Námsefni þetta er mismunandi og hentar öllum klúbbum burt séð frá stærð eða styrkleika. Hreyfingin hefur líka öfluga leiðbeinendur sem aðstoða fúslega

þá sem þess óska. Klúbbar eru hvattir til að nýta sér þetta námsefni svo og okkar frábæru leiðbeinendur.

Að lokum er minnt á hversu mikils virði það er fyrir okkur að vera hluti af stórrí og öflugri alþjóðahreyfingu sem er okkur nauðsynlegt bakland eins og við höfum svo oft reynt hér á landi þegar náttúruhamfarir hafa orðið eða þegar við höfum verið að kaupa dýr tæki fyrir heilbrigðiskerfið.

Tveir nýir leiðsöguhundar

Söfnunarfé úr landssöfnun Lionshreyfingarinnar var afhent Blindrafélaginu og tveir nýir leiðsöguhundar kynntir til sögunnar. Hér eru nokkrar myndir frá þessum mjög svo ánægjulega viðburði.



Fréttir frá Lionsklúbbi Reykjavíkur

Á dögunum afhenti Lionsklúbbur Reykjavíkur eina milljón króna styrk til Ljóssins, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendum þeirra. Forráðamenn Ljóssins þökkðu klúbbfélögum fyrir þetta ómetanlega framlag, sem fer til að styrkja enn frekar starfsemina.

Á myndinni eru frá vinstri: Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður Ljóssins, Ragnar Ólafsson, formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur og Tómas Hallgrímsson, formaður stjórnar Ljóssins.

Bestu kveðjur
Hrafn Magnússon
formaður líknanefndar LR.



LCIF - Alþjóðahjálpar sjóður Lions

Límið okkar – það sem við vinnum fyrir

Kristín Þorfinnsdóttir

Lkl. Emblu LCIF fulltrúi í 109 A



Flest þau verkefni sem klúbbar styðja safna inneign fyrir klúbba til Melvin Jones viðurkenninga. Veist þú hvað klúbburinn þinn á mikla inneign?

Það er ekkert skemmtilegra en að heiðra góðan félagar fyrir vel unnin störf með MJF viðurkenningu.

Veist þú hvort klúbburinn þinn leggur eitthvað af mörkum á hverju ári.

Framlag þarf ekki að vera stórt, en það er mjög mikilvægt að allir klúbbar taki þátt, sýnir samhuginn og viljann í verki.

Ef þú kærir Lionsfélagi vilt fá frekari upplýsingar um LCIF, þá erum við félagarnir í LCIF teyminu alltaf reiðubúinn til þjónustu.

Við getum komið á svæðisfund, klúbbfund eða bara ef þú vilt fá frekari upplýsingar, ekki hika við að senda fyrirspurn og við munum reyna að upplýsa eftir bestu getu.

Kristín Þorfinnsdóttir, vidreisn@internet.is
Kristinn Hannesson, kristinnhannesson@simnet.is
Jón Bjarni Þorsteinsson, bjarni@hraunfolk.net



Við erum þrjú ný í teyminu LCIF og komum til með að gegna þeim embættum næstu 3 árin. Jón Bjarni Þorsteinsson, Kristinn Hannesson og Kristín Þorfinnsdóttir.

Við höldum okkar fyrsta fund á tjaldsvæðinu í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem við vorum öll á leið í afmæli til góðs Lionsfélaga hans Kristófers Tómassonar. Þegar við veltum fyrir okkur hvað við gætum gefið honum Kristófer í afmælisgjöf datt okkur í hug að styrkja LCIF í nafni Kristófers með „gull stuðningsmerki LCIF“ „Gold contribution pin“

Við vonum að Kristófer okkar ágæti Lionsmaður beri „gullmerkið“ sitt með stolti þetta starfsár. Það var okkar mat að þetta gæti

verið betri hugmynd heldur en að færa honum koníaksflösku.

Ágætu Lionsfélagar við erum bara að reyna að sá fræjum, láta okkur detta einhverjar góðar og gagnlegar hugmyndir í hug til að styrkja okkar góða sjóð.

Við munum reyna eftir okkar fremsta megni að kynna starf LCIF alþjóðahjálpar sjóðsins okkar. Við vitum allir lionsfélagar hér á landi hvað sjóðurinn hefur reynst okkur vel og hvað við getum verið stolt af honum.

Að styrkja góð málefni eins og mislinga-faraldur, hugsíð ykkur ein sprauta kostar tæplega 130 krónur. Við erum flestir lionsfélagar á Íslandi á þeim aldri að við þekktum og/eða þekkjum fólk sem veiktist af þessum skelfilega sjúkdómi á árum áður en sem betur fer er þetta nánast orðið óþekkt hér í okkar landi, en því miður nálgast þetta aftur. Segir okkur enn og aftur það má aldrei sofna á verðinum. Heimurinn er allur orðinn svo opinn og fólk ferðast á milli landa og heimsálfa, víða er þetta ekki sjálfsgæður hlutur að fá sprautu við mislingum á barnsaldri. Þess vegna berjumst við við þennan vággest með góðum árangri.

Minning † Tómas Grétar Ólason

Fæddur 11. 02. 1935
 Dáinn 04. 10. 2015

Tómas Grétar Ólason mikilhæfur og traustur félagi í Lionsklúbbum Ægi er látinn. Hann gerðist félagi í Lkl. Ægi í febrúarmánuði árið 1969 og var þar með búinn að vera félagi í klúbbum í 46 ár er hann lést.

Tómas Grétar var framsækinn og traustur félagi. Hann var ljúfur maður sem átti til að bera léttleika og kankvísí og flutti jafnan mál sitt af hógværd og festu.

Árin eftir stofnun hefur aðalstarf klúbbsins verið að styðja dyggilega við Sólheimaheimilið í Grímsnesi og þetta starf var Tómasi Grétar jafnan sérstaklega hugleikið. Hann undirbjó og stjórnaði árlega Jólagleði „ Litlu Jólunum " á Sólheimum í desember ár hvert sem Sólheimabörnin tóku þátt í og vöktu mikla hrifningu.

Á 70 ára afmæli Sólheima var hann hylltur og hlaut sæmdarheitið heimsborgari og heimilisvinur Sólheima.

Við Ægisfélagar þökkum Tómasi Grétari fyrir öll góðu árin í starfi klúbbsins sem merla nú í minningunni.

Hugheilar samúðarkveðjur sendum við fjölskyldunni og öðrum ástvinum.

f.h. Lionsklúbbsins Ægis, Þórhallur Arason.

Framboðsferðir

Ógnanir í austrinu

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður



Heimshluta Forum

Í síðasta Lionsblaði skrifaði ég um stöðuna á framboðinu, hvað þarf til að fá yfirlýstan opinberan stuðning forseta og alþjóðastjórnar. Einnig hvað heimshluta-þing (Forum) manni ber að sækja, til að kynna sig og til að kynnast viðhorfum og væntingum Lionsfélaga. Ég er búin að sækja USA/Kanada Forum í Michigan í Bandaríkjunum og Evrópu Forum í Augsburg í Þýskaland í október.

Austur Asía

Frá Þýskalandi fór ég beint til Tókýó Japan, reyndar til að sækja Leiðtogafund Lions í Japan, en þeir eru gríðarlega öflugir og fjölmennir og gjafmildir til LCIF. Yamada forseti lagði mikla áherslu á ég færi á þennan fund. Japanir tóku mér með kostum og kynjum, en þar er mikil stemmning fyrir því að sjá fleiri konur í forystu Lions, sem og í japanska þjóðlífinu. Ég talaði á fjölda funda. Yamada alþjóðaforseti er mikill framfarasinni og minn besti stuðningsmaður. Ég fór líka á fund sendiherra Íslands til að undirbúa smávegis fyrir alþjóðþingið í Fukuoka í sumar.



Undiralda

Það er búin að vera þung undiralda í austrinu. Ég var aðeins búin að fréttu af því, þó það hafi ekki bitnað á mér. Lionslöndin í þessum heimshluta er gríðarlega sterk, mikil fjölgun félaga, stórkostleg verkefni fyrir samfélagið, mikil fjárframlög til LCIF o.s.frv. En þeir fá ekki forystu í Lions í samræmi við það. Þeir spyrja sig, af hverju eitthvað land, sem varla sést á landakortinu, fái allt í einu forsetann; og hvað kona sé að vilja upp á dekk.

Gull og grænir skógar

Það er einn frambjóðandi, sem ekkert kemst áfram (fær engan stuðning) en hann ferðast um heiminn og hrærir upp í löndum sem eru í einhverri tilvistarkreppu. Hann kemur m.a. ítrekað til Taiwan og segir þeim að þeir eigi ekki að sætta sig við þetta; hann lofar þeim gulli og grænum skógum ef þeir styðja hann. Taiwanar fá ekki einu sinni að nota nafn landsins opinberlega.



Skipun að ofan

Þegar forystan Taiwan og í Austu-Asíu vissi af mér í Japan, fóru þeir að hvetja mig til að fara til Taipei á fund með forystu Lions í Taiwan. Ég var treg, sagðist vera upptekin, gæti ekki komið núna, kannski seinna. Svo þegar fyrrverandi forsetarnir Win-Kun Tam og Wroblewski og núverandi forseti Yamada

sögðu mér að ég yrði að fara, til að Taiwanar gætu hitt mig, heyrt og séð að ég væri trúverðugur fulltrúi og öflugur leiðtogi nýrra tíma, fór að renna á mig tvær grímur. Þegar í ljós kom að þeir voru búnir að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu fyrir Choi, sem er í framboði til 3. varaforseta, en neituðu að skrifa undir fyrir mig til 2. varaforseta og allt var í uppnámi, þá varð ég að gefa mig.

Hugarfar

Þetta er fyrst og fremst spurning um fordóma eða hugarfar. Það er ólíklegt að þeir geti fellt mig í kosningum, en það er óviðunandi að óánægjan grasser, ég þarf að vinna með þeim = þeir að vinna með mér! Ég talaði á mörgum fundum, hádegisverðum og kvöldverðum; ég lærði nokkrar setningar á kínversku og var mjög vel tekið. Það endaði með því að á stóra leiðtogafundinum var einróma samþykkt stuðningsyfirlýsing við mig. Það er mér mjög mikils virði, þeir hafa 45.000 Lionsfélaga og gefa um það bil fjórðung af öllu sem kemur til LCIF, um 10 milljónir Bandaríkjadala árlega – miklir Lionsfélagar.



Maríneruð andasundfit

Ég verð að krydda þetta með frásögn af glæsilegum kvöldverði sem var haldinn mér til heiðurs. Það var fagnað með kampavíni við fiðluleik og síðan sest að borðum. Í fyrsta forrétti voru maríneruð andasundfit, eitthvað sem ég hefði aldrei getað ímyndað mér að væri borðað. Síðan komu sæeyru og sægurkur o.fl. Í aðalrétt var grillaður mjög ungur og lítill grís. Var byrjað að borða puruna í litlum bitum svo kom að kjötinu í litlum tægjum, með mikið af soðnum jurtarótum. Þetta var allt spennandi og meira og minna gott, svona 15-20 smáréttir, en þegar ég kom á flugvöllinn keypti ég mér kjúkling og franskar; „frelsínu fegin“.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lestraráttak Lions

Lionsklúbburinn Ylfa á Akureyri er nú að hefja sitt fimmta starfsár. Á þessum árum höfum við verið að vinna að því að finna okkur verkefni. Af mörgu er að taka því víða er þörf fyrir aðstoð. Fyrir utan allskonar hjálparstarf sinnir Lionshreyfingin mörgum samfélagsmálum. Síðast liðið ár var ýtt úr vör 10 ára lestrarátaki LCI „Reading Action Program“. Á netsíðu Lions www.lionsclubs.org eru hugmyndir að verkefnum, meðal annars:

- Aðstoð við heimalestur.
- Lesa fyrir börn á bókasöfnum eða skólum.
- Vinna með bókasöfnum til að auka lestur barna.
- Stuðla að útgáfu hljóðbóka.

Pegar litið er til þess að næstum 800 milljónir fólks er ólæst er ljóst að þetta er mjög brýnt verkefni á heimsvísu. Tölur um slakan lesskilning barna á Íslandi gefa okkur ástæðu til að sinna lestrarverkefnum hér á Íslandi.

Haustið 2014 byrjaði Lkl Ylfa á því að aðstoða börn, sem voru af erlendum uppruna, við lestur. Skipti þá ekki máli hvort báðir foreldrar voru erlendir eða annað foreldrið. Þar sem undirtektir við þetta framtak okkar



Jóna Kristín Guðmundsdóttir með nokkrum af lestarbörnunum okkar Ylfanna.

voru góðar erum við byrjaðar enn á ný. Samstarf er við nýbúadeild skólaskrifstofu Akureyrarbæjar og alþjóðastofuna á Akureyri. Amtsbókasafnið er svo vinsamlegt að útvega okkur aðstöðu til að taka á móti börnunum og gefst þeim kostur á að koma einu sinni í viku til okkar.

Þetta er mjög gefandi verkefni og viljum við Ylfukonur hvetja aðra klúbba til að athuga hvort ekki sé þörf fyrir slíkt verkefni í heimabyggð þeirra.

Gerður Jónsdóttir Lkl. Ylfa Akureyri



Fulltrúi ungmenna á 21. öldinni Evrópsk samkeppni Lions Ungir leiðtogar, sem sinna góðgerðarmálum

Skráningarfrestur til 30. nóv. 2015

Auglýst er eftir umsóknum til þátttöku í samkeppni Lions „Young Ambassadors“. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 15-18 ára, sem sinnir góðgerðarmálum og eru góðir fulltrúar ungmenna og málsvari fyrir sjálfbæðastörf. Markmið með keppninni er að viðurkenna, hvetja og styðja ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsverkefnum eða góðgerðarmálum í sínu nærsamfélagi, á landsvísu eða heimsvísu. Leiðbeiningar og skráningareyðublöð fáast á Lionsskrifstofunni og hjá undirritaðri gudrun@hraunfolk.net

Hver má taka þátt?

Til að vera gjaldgengur í keppnina, þarf ungmennið að hafa náð 15 ára aldri, en ekki orðið 19 ára 30. júní 2016. Keppandinn þarf að sinna góðgerðarmálum, sem hann hefur skipulagt og vinnur að, e.t.v. í samstarfi við aðra. Keppandinn þarf að geta skýrt vel frá verkefni sínu á þremur mínútum á íslensku og ensku, bæði í viðtali og úr ræðustóli. Keppandinn þarf að sýna áætlun um það, hvernig hann/hún myndi nýta verðlaunaféð.

Hvar finnum við keppendur?

Samkvæmt reglum, geta klúbbar, svæði, umdæmi eða fjölumdæmi leitað að keppanda, sem tekur þátt í forkeppni á Íslandi. Ungmenni sem vinna að góðgerðarmálum er hægt að finna m.a. í gegnum skóla, skáta, æskulýðsstarf, kirkjustarf, eða aðrar þjónustuhreyfingar og æskulýðssamtök.

Fréttapistill frá Lionsklúbbnum Úu

Nú er starfsemin okkar komin í fullan gang eftir gott sumarfrí og Úu konur fullar af eldmóði og starfsorku fyrir komandi vetur.

Nýja stjórn skipa Sonja Einarsdóttir formaður, Sigríður Guðmundsdóttir gjaldkeri og Dagný Finnsdóttir ritari. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 7. sept.

Nýr félagi, Kristiana Baldursdóttir var tekin inn í mars sl.og bjóðum við hana velkomna til leiks og starfa.

Vorferðin okkar var farin 9. maí og var mökum boðið með. Að þessu sinni var farið um heimaslóðir í Mosfellsbænum undir skemmtilegri og fróðlegri fararstjórn Bjarka Bjarnasonar, sem er manna fróðastur um okkar heimabyggð. Heimsóttir voru nokkrir áhugaverðir staðir í Mosfellsdalnum: farið var í heimsókn að Gljúfrasteini og Mosfellskirkju,

Gísli rósabóndi í Dalsgarði var sóttur heim, Þóra leirlistakona á Hvirfli og gamlar minjar skoðaðar. Um kvöldið var svo snæddur dýrindis kvöldverður í Hvíta Riddaranum hér í bæ.

Í júnibyrjun förum við alltaf og gróðursetjum tré í lundinum okkar góða, Úulundi í Skammadal.Trén komu vel undan vetri og alltaf er jafn skemmtilegt að sinna þessu verkefni og sjá trjáplönturnar okkar vaxa og dafna. Um 40 tré hafa verið gróðursett á hverju ári sl. 4 ár.

Ein af okkar fjáröflunarleiðum er sófnun kaupenda að grænmetis-pokum, en grænmetið fáum við á góðum kjörum hjá garðyrkjubændum að Suður-Reykjum í Mosfellsbæ. Úu konur koma þá saman og pakka grænmetinu og keyra svo út til sinna kaupenda. Það er gaman að sinna þessu og kaupendurnir alsælir með sitt holla og góða grænmeti.

Önnur fjáröflunarleið okkar er hið geysivinsæla vinkvennakvöld, sem haldið verður 7. nóv. nk. á Hvíta Riddaranum í Mosfellsbæ.



Útivist og kaffihittingur er mánaðarlega hjá okkur í vetur sem fyrr. Þar gerum við okkur ýmislegt til skemmtunar, heimsækjum fyrirtæki og listafólk og fáum okkur kaffi á eftir á kaffihúsi eða í heimahúsi. Þetta kætir og léttir lund og þjappar okkur Lionssystrunum saman. Með góðri kveðju og ósk um góðan Lionsvetur.

Sigríður Skúladóttir, form. fjölmiðla-og félaganefndar.



Sæljón á leið yfir Atlantshafið

Andrew Abrahams var einn á báti í róðrarkeppni yfir Atlantshaf, þegar honum skolaði fyrir borð. Eða eins og hann sagði frá síðar: „Aldan bara hreif mig frá borði eins og ég væri fis.“ Er Andrew klöngraðist aftur um borð skarst hann illa á fæti. En þrátt fyrir meiðslin, ofsaveður með ölduhæð að fimmtán metrum, og steikjandi hita, lifði hinn fjörutíu og tveggja ára Ástrali þetta af. Hákarlar svömluðu allt í kringum bátinn, og lítið var um svefn í þessa 57 sólarhringa sem ferðin tók. Var hann örþreyttur bæði andlega og líkamlega þegar hann kom að landi eftir rúmlega 4500 km róður frá La Gomera á Kanaríeyjum til Antigua í Karíbahafi. Hann var eini einstaklingsræðarinn sem tókst að ljúka keppni og varð hann í sjöunda sæti í heildarúrslitum, á undan fimm liðum.

Andrew Abrahams er félagi í Rochedale Springwood Lions-klúbnum og gaf hann áheitaféð sem safnaðist, 10.000 dollara, til barna sem eiga um sárt að binda. Hann hafði gert sér vonir um að upphæðin yrði hærrí en úfinn sjórinn braut gervitunglabúnað hans sem var lykillinn að allri fjölmiðlaumfjöllun.

Andrew er mikill áhugamaður um líkamsrækt og á hann heimsmet á róðrarvélinni, (milljón metrar á 119 klst.). Hann á heiðurinn af hjólreiðakeppninni frá Cairns til Townsville en í gegnum hana hafa safnast 5 milljónir dollara sem allir hafa runnið til góðgerðarmála. Andrew starfar sem viðgerðarmaður.

Bátur Andrew var, eins og hinir bátarnir í keppninni, 7m langur og 2m breiður, án segls og vélar. Í honum var lítill klefi sem veitti



Andrew Abrahams setti hraðamet í einstaklingsróðri án aðstoðar yfir Atlantshafið.

takmarkaða vernd fyrir náttúruöflunum. Keppendur máttu ekki þiggja mat, viðgerðir né nokkra aðra hjálpu. Báturinn sem er metinn á 80.000 dollara var útbúinn fullkomnum siglingartækjum. Andrew sagði að erfiðast hefði verið að takast á við einmanaleikann en forvitnar hvalavöður hjálpuðu þó við að stytta honum stundir.

Þýðing: Edda Briem

ARGENTINA

Barónsstíg 11
101 Reykjavík

Ekta amerískt
kalkúna- og
sælkerahlaðborð

Borðapantanir:
551 9555

JÓLAÆVINTÝRI
Argentínu steikhúss
hefst 26. nóvember

Myndir úr náttúrunni



Lions-ljósmyndarar

Lions á Íslandi á marga fjölhæfa einstaklinga í sínum röðum, þar á meðal afburða ljósmyndara. Lionsfélagar eru hvattir til að sýna hvað í þeim býr og taka þátt í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppni Lions, sem við munum nú í sjötta sinn taka þátt í. Það eru ljósmyndataækifæri útum allt ekki síst á næstunni, síðustu haustlaufin, ljósaskipti, fyrstu snjókornin eða frostrósirnar, eflaust er margt til frá liðnu sumri. Það er kostur að koma myndum til okkar fljótlega, ekki er gott að láta það gleymast í amstri jóllanna. Klúbbar þurfa að gera upp hug sinn fljótlega eftir jól, hvaða mynd þeir senda, en fresturinn rennur út í lok janúar.



Alþjóðleg ljósmyndasamkeppni Lions

Lionsfélagar geta tekið þátt í alþjóðlegu Lions ljósmynda-samkeppninni „Lions Environmental Photo Contest“. Keppnis-myndin þarf að vera frummynd, óbreytt, svart-hvít eða litmynd úr náttúrunni - úr umhverfi klúbbsins. Árið 1972 samþykkti alþjóðastjórn Lions stefnuýfirlýsingu í umhverfismálum. Markmiðið með keppninni er að sýna fegurð náttúrunnar og kynna umhverfisverkefni Lions.

Dómnefnd metur myndirnar eftir frumleika, listrænum eiginleikum og túlkun á myndefni.

Lionsfélagar geta sent ljósmyndir úr sínu umhverfi (án fólks) í einum af eftirfarandi flokkum:

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrafyrirbrigði
5. Draumur um fullkomlega heilbriggt umhverfi (virði umhverfis okkar í dag og á morgun).

Lionsklúbbur velur og sendir vinningsmynd klúbbsins á Lionsskrifstofuna Sóltúni 20, 105 Reykjavík, í umslagi merkt: Ljósmyndasamkeppni Lions. Í lokuðu umslagi með myndinni er skráð nafn Lionsklúbbs og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera útprentuð: 8"x10" eða 20,3 x 25,4 cm. Frestur til að skila inn mynd er til 31. janúar 2016.

Íslenskum sigurvegum (vinningsmyndum) verða veittar viðurkenningar á þinginu í vor í öllum fimm flokkunum. Einnig verða þær birtar í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og sýndar á þingstað. Ein mynd verður valin og send út í alþjóðlegu ljósmynda-samkeppnina.

Alþjóðasamband Lionsklúbba „LCI“ sýnir myndirnar á alþjóðþinginu sumarið 2016. Skráðir þátttakendur á þinginu geta greitt atkvæði um „bestu myndina“. Sigurvegarar í hverjum flokki fá viðurkenningu. Sex myndir verða birtar á vefsíðu LCI, þ.e. vinningsmyndir úr flokkunum fimm, ásamt „bestu myndinni“ að mati þinggesta. Úrval mynda mun birtast í Lions-Almanaki, sem gefið er út árlega til styrktar LCIF.

Alþjóðlega vinningsmyndin prýðir svo forsíðuna á Lions-Almanakinu 2016.

Upplýsingar

Klúbbar eða Lionsfélagar sem hafa áhuga eða vilja fá nánari upplýsingar, geta haft samband Kristófer Tómasson, netfang: katsjs@simnet.is

Vakin er athygli á að Lionsljósmyndarar bera sjálfir kostnað við myndatökur og framköllun. Vinningsmyndir verða eign LCI – Alþjóðasambands Lionsklúbba. LCI áskilur sér rétt til að hafna keppnismyndum sem uppfylla ekki keppnisreglur, þykja óviðeigandi eða ósæmilegar

Kristófer Tómasson

Lkl Geysi

katsjs@simnet.is sími 482-2882 og 861-7150



Þjónustan á sér margar hliðar

Lionshreyfingin starfar í 210 löndum og landsvæðum. Klúbbarnir hjálpa fólki og bæta samfélög þess á ótal vegu. Þrátt fyrir mismunandi menningu og siði er tungumál Lions alstaðar hið sama; þjónusta.



Argentína: Lionsfélagar að leika við ung börn á Degi barnsins. Félagarnir færðu börnunum, skó, leikföng og skólavörur.



Taiwan: Lionsfélagar bjóða upp á tónlistarstarf fyrir fátæk börn.



Kórea: Eldri borgarar keppa í krocket. Lionsfélagar gáfu verðlaunafé til sigurvegaranna í keppninni sem gaf af sér 6.500 dollara. Peningarnir runnu allir til góðgerðaverkefna klúbbsins.



Þýskaland: Þýskir Lionsfélagar taka til hendi í sumarþúðum barna.



Pakistan: Blind stúlka með blindrastaf sem Lionsfélagar færðu henni að gjöf.



Suður-Afríka: Lionsfélagar standa fyrir augnskimun skólabarna.



Tailand: Dansleikur fyrir ungt fólk skipulagður af Lionsfélögum til styrktar baráttunni gegn eituryfjaneyslu.

Komdu með til Fukuoka

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður



Næsta Alþjóðafundur

Að þessu sinni verður Alþjóðafundur Lions haldið í borginni Fukuoka, sem er falleg borg við ströndina í suðvestur Japan. Verðandi umdæmisstjórnar fara viku áður á skólann og nokkrir aðrir sem hafa ákveðið að fara, munu eyða nokkrum dögum á undan eða eftir til að kynna landi og þjóð.



Kona og Íslendingur

Þetta þing verður sögulegt og engu öðru líkt. Fyrsta konan verður kjörin 2 varaforseti, en það hefur ekki gerst í 100 ára sögu Lions. Það er líka merkilegt fyrir Evrópu að fá loksins forseta, en aðeins sjö Evrópubúar hafa verið alþjóðaforseti Lions frá upphafi. Það sem er merkilegt fyrir okkur, er að konan er íslensk og fyrsti íslendingurinn að sjálfsögðu, til að takast á við þetta embætti.



Fleiri fara

Núna eru yfir 20 manns búnir að ákveða að fara, en venjulega fara bara átta manns á Alþjóðafundur.

Hvernig væri að virkilega fjölmenna, þegar Ísland verður svo sannarlega í fokus.



Ódýrt að gista

Það er nóg að hótélum í Fukuoka, alveg í miðbænum, 2-3 km frá þingstað og þau kosta ekki mikið 3-4 stjörnu hótél kosta eins og farfluglaheimili á Íslandi og flugið er bara á við nokkrar flugferðir norður - ef menn vilja horfa á björtu hliðarnar á peningaveskinu. Nánari upplýsingar eru á vefsíu LCI: <http://lcicon.lionsclubs.org> og á Facebook: <https://www.facebook.com/lcicon>

Peir sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta haft samband við okkur Jón Bjarna bjarni@hraunfolk.net og gudrun@hraunfolk.net

Forsetinn Yamada notar þetta fagra fjall í kynningum sínum, „Mount Fuji“



Fréttir frá Lionsklúbbsi Hveragerðis



We Serve

Lionsklúbbsur Hveragerðis hefur nú hafið 45. starfsár sitt 2015-2016 og er þegar lúbið að halda tvo fundi. Stjórn þessa starfsárs skipa; Vilmundur Kristjánsson formaður, Kristinn G. Kristjánsson ritari og Sigurbjörn Bjarnason gjaldkeri. Svæðisstjóri svæðis 4 er okkar maður, Rögnvaldur Pálmason. Birgir S. Birgisson er siðameistari og Daði Ingimundarson er fjölmiðlafulltrúi.

Mánudaginn 26. 10. munu báðir Lionsklúbbsarnir í Hveragerði; Lkl. Hveragerðis og Lkl. Eden halda opinn kynningarfund um starfssemi sína í Skátaheimilinu Breiðumörk 22 í Hveragerði kl. 20.00. Hvetjum við alla sem áhuga hafa á að koma við og kynna okkur persónulega. Boðið verður upp á kaffi og og eitthvað snarl með.



*F.h. Lkl. Hveragerðis.
Daði Ingimundarson, fjölmiðlafulltrúi.*

Börn í Kentucky fá betri sjón



Lionsklúbbar um öll Bandaríkin taka þátt í að aðstoða við sjónmælingar barna.

LCIF

(Head Start Program = Verkefni bandarískra stjórnvalda til að styðja við menntun, heilsu og betra líf fyrir börn tekjulágra fjölskyldna)

(KidSight = Verkefni Lionsklúbba í Bandaríkjunum til að verja og bæta sjón barna frá 6 mánaða aldri til 6 ára)

Stór hluti þeirra barna sem taka þátt í Head Start verkefninu hafa ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu. Samt gerir Head Start verkefnið ráð fyrir að öll börnin fái sjónmælingu innan 45 daga frá því þau hefja þátttöku í verkefninu.

Lionsfélagar í Kentucky hafa nú ákveðið að láta til sín taka á þessu sviði og markmiðið er alveg á hreinu. Börnum frá kolanámubæjum, börnum innflytjenda og börnum sem búa í fátækrahverfum verða boðin augnskoðun. Það verða um það bil 20.000 börn sem fá þessa aðstoð.

Lionsfélagar í Kentucky eiga sérstakan Sjónverndar Hjálpar sjóð. Framlag úr þessum sjóði auk Standard Grant framlags frá LCIF mun Lkl. Louisville Downtown, í samstarfi við Head Start verkefnið, stýra þessu mikla verkefni.

Sjónverndar Hjálpar sjóður Lionsfélaga í Kentucky hóf sitt KidSight verkefni 2003 og hafa síðan þá staðið fyrir sjónmælingum meira en 80.000 barna vítt og breytt um Kentucky.

Fjöldi ungra barna í Kentucky eiga ekki kost á sjónmælingum heldur er aðeins stuðst við spjald með misstóru lettri, líkt því sem við þekkjum frá heilsugæslustöðvum. Það er hins vegar alls ófullnægjandi fyrir þennan aldurshóp. Auk þess eru 12% barnanna með fötlun sem hamlar venjulegri augnskoðun og 32% þeirra eru innflytjendur og eiga

við tungumálaörðugleika að etja. Þess vegna fóru Lionsfélagar í þetta verkefni.

Stór hluti af framlögum fór í kaup á fullkomnu myndgreiningartæki sem gefur niðurstöður strax og með návæmni upp 95%. Tækið er sérstaklega hannað fyrir nærsýni, fjarsýni, sjónskekkju, lötu auga og fjölmörgum „auð“ læknanlegum sjónvandamálum.

Öll börn sem þurfa á að halda fá svo aðstoð augnlækna og starfsfólk Head Start fylgja þeim svo eftir.

KidSight verkefnið var „prufukeyrt“ í vesturhluta Kentucky 2011 á 618 börnum. 15% þeirra þurftu að fá sérsmíðuð gleraugu og 5% þeirra voru með alvarlega augnsjúkdóma.

„Þetta tilraunarverkefni reyndist mjög vel“, segir hjúkrunarfræðingurinn Felicia Elliot og bætir við að foreldrar þessara barna séu óendanlega þakklát Lionsfélögum fyrir þetta framtak.

Frekari upplýsingar um hvernig Lionsklúbbar geta sótt um LCIF Standard styrk er hægt að finna á www.lcif.org. Einnig má hafa samband við LCIF fulltrúa fjölumdamisins eða umdæmanna.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Ferskir vindar fylgja frú Formanni



Frá vinstri: Lárus fyrir frjálsslyndi með því að hafa borið barmnælu með áletruninni Pétur Hafstein minn maður, Þorvaldur Derbymaður vikunnar af því hann varð 75 ára í vikunni með meiru og Guðni fyrir jafnrétti af því hann var formaður á undan Örvari sem valdi Jóhönnu sem formann..



Jóhanna Thorsteinson formaður.



Jóhanna og Gunnar.



Jóhanna, Páll Thamrong Snorrason og Snorri Jónsson.



Árni, Gunnar og Jóhanna.

Vetrarstarfið í Lionsklúbbi Seyðisfjarðar er hafið í kjölfar ágætlega heppnaðs Fjöllumdæmisþings sem haldið var á Seyðisfirði á vordögum undir umsjón klúbbsins í samstarfi við Lionsklúbbinn Múla á Egilsstöðum. Starfsárið hefst af miklum krafti. Stjórn klúbbsins skipa tveir gamlir reynsluboltar þeir Gunnar Sverrisson og Árni Elísson með frú Jóhönnu Thorsteinson sem formann. Strax á fyrsta fundi kom fram að það myndi engin lognmolla fylgja nýrri stjórn. Lengi hefur verið talað um að brjóta upp fundarformið annan hvern fund eða svo en aldrei orðið neitt úr neinu. Nú voru boðaðar breytingar og þeim fylgt rækilega eftir. Byrjað var með að virkja Klúbba- og skemmtinefnd með það hlutverk að annast og sjá um að annar hver fundur yrði með frjálsslegra sniði en fastir og formlegir fundir. Var strax kýlt á þessa hugmynd og annar fundur vetrarins fór fram í Gistiheimilinu Nord-Marina á Seyðisfirði. Þar var dagskrá með nokkuð öðru móti en venjulega. Formaður hinnar nýju Klúbba- og skemmtinefndar, Jón Halldór Guðmundsson, fór á kostum, skipaði m.a. tímavörð og kallaði til nokkra félaga til að svara hraðaspurningum. Síðan spurði hann um hámarkshraða innbæjar með og án eftirvagns. Hann spurði um hámarkshraða sem Airbus 300 gæti náð miðað við jörð og svo mætti áfram telja. Ekki voru allir á eitt sáttir við það að tímamæling svara kom málinu ekkert við. Þá spurðu nokkrir félagar hvort ekki ætti að lesa upp einhver erindi frá Fjöllumdæminu og fannst lítið til alvöruleysis fundarins koma.

Fleiri hugmyndir eru uppi um breytt fundarform og skemmtanir innan klúbbsins á næstunni. Annar „óreglu-fundur“ vetrarins verður haldinn á kaffistofu Stálstjarna í tilefni 50 ára afmælis klúbbsins, en þar var stofnfundur hans haldinn á kaffistofu Stál h.f. árið 1965. Þá hefur verið ákveðið að heimsækja félag okkar í Lionsklúbbum Múla á Egilsstöðum miðvikudaginn 21. október en sá klúbbur á einnig stórafmæli á árinu.

Fyrirhugað er að ljúka starfsárinu með svokölluð Stríðslokaballi í tilefni af 70 ára afmæli loka síðari heimsstyrjaldarinnar, þar sem allir verði dubbaðir upp í þeirra tíma klæðnað.

Það er gaman í Lions.

Lifið heil.

Með lionskveðju

Lárus Bjarnason, fjölmíðlafulltrúi

Meðfylgjandi myndir eru teknar á fundi klúbbsins 15. október þar sem ungur Seyðfirðingur Páll Thamrong Snorrason var tekinn inn í klúbbinn.



Málþing: Konur og Lions

í Norræna húsinu miðvikud. 18. nóv. kl. 16:30-18:30.

Kynnt verður starfsemi Lions og helstu verkefni
sem vekja athygli og áhuga kvenna, m.a.:

- Persónuleg þjálfun – Leiðtogaþjálfun
- Skemmtilegur félagaskapur – Ævilöng vinátta
- Verkefni fyrir samfélagið og framtíðina
- Stuðningur við börn og ungmenni
- Umhverfiverkefni – Náttúruvernd - Útivist



Lionsfélagar (konur og karlar) eru hvattir til að mæta og bjóða með sér konum, sem ekki ennþá hafa gengið til liðs við Lions. Margar fengju áhuga ef þær vissu hvað Lions hentar konum vel og hvað við vöxum af verkum okkar og þátttöku í klúbbi og umdæmi.

Markmið alþjóðastjórnar og alþjóðaforseta er að Lions endurspegli samfélagið, að jafna kynjamuninn, að í Lions séu jafn margar konur og karlar. Samstarf kvenna og karla gerir Lions sterkari og fjölbæfari. Markmiðið er 50/50 sem allra fyrst.

Okkar sameiginlegu markmið og hagsmunir eru að styrkja Lions, Þetta er á okkar ábyrgð, Munið að við erum í þessu öll saman.

Nánari dagskrá verður birt þegar nær dregur,
Takið daginn frá – fjölmennið og takið með ykkur gesti.



Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Svavar Þórisson 47 ára Innkaupa- og sölustjóri hjá Gunnari Eggertssyni heildsölu

Nafn maka:

Enginn, kannski ein, kemur í ljós

Heimili:

Hlíðartún 2, Mosfellsbæ

Ökutæki:

*Grámann - Traustur og sparneytinn
Toyota Yaris*

Klúbburinn minn:

Hinn eini og sanní Þór



Svavar og börn hans.

Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Daðahús. Við einbeitum okkur mest að því að aðstoða Daðahús. Daðahús er sumarbústaður, sérhannaður fyrir fjölfatlaða. Eina slíka aðstaðan á Íslandi, skömm sé að segja frá. Fjársvelti hefur valdið því að ekki er til peningur til nauðsynlegrar endurnýjunar á húsnæði og aðstöðu. Lionsklúbburinn Þór tók nýverið að sér að sjá um fjáröflun tækjakaupa og endurnýjunar.

Fjáröflun:

Helst verið að angra vini, kunningja og fyrirtæki um aðstoð.

Sérkenni:

Er í Lionsklúbbnum Þór.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Gerður að Siðameistara Lionsklúbbsins Þórs. Sem allir sem mig þekkja myndu ekki hafa búist við.

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?

Að vera að aðstoða Daðahús.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum?

Fá inn nýja féлага.

Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?

Pabbi plataði mig. Þóris Magnússon meðlimur Lionsklúbbsins Þórs fyrir um 2 árum.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?

Stórtækari fjáraflanir.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Steik.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Söngur og börnin.

Eitthvað að lokum?

Viltu láta öðrum líða vel.... Byrjaðu á að láta þér líða vel

Lionsklúbburinn Fjölur 60 ára

Kampavínflaska kemur í leitirnar

Lionsklúbburinn Fjölur fagnaði 60 ára Laufmæli sínu nú í vor með fjölbættum hátíðahöldum. Afmælisdaginn 4. maí, sem bar upp á mánudag, hafði klúbburinn opið hús í Lionsheimilinu í Sóltúni fyrir félaga, vini og velunnara. Þar mættu m.a. formenn nokkurra klúbba og allmargir félagar Lkl. Ægis og aðrir velunnarar. Meðal gesta var Einar Þórðarson umdæmistjóri í umdæmi 109A og flutti hann klúbbum kveðjur frá umdæminu.

Lionsklúbburinn efndi síðan til veglegrar afmælishátíðar á Grand Hótel Reykjavík laugardaginn 9. maí sl. Meðal heiðursgesta voru Lovísa Christensen, formaður Krýsuvíkursamtakanna og eiginmaður hennar, Jón Pálmason varaumdæmistjóri í 109A og eiginkona hans og sjö ekkjur fyrrum félaga í Lkl. Fjölur. Formaður Lkl. Fjölur, Hjörtur Hjartarson, setti hófið og bauð gesti velkomna en síðan tók Sigurður Arnar Kristjánsson við stjórn samkvæmisins. Kokkar hótelsins höfðu tilreitt ljúffengan málsverð fyrir samkvæmisgesti, blandaða sjávarrétti í forrétt, nauta- og lambatvennu í aðalrétt og vanilla panna cotta með sultuðum berjum í eftirrétt.

Formaður klúbbsins tilkynnti að tveir félagar hefðu verið sæmdir Melvin Jones skildi og afhenti þeim bevis upp á það en skildirnir höfðu ekki borist til landsins. Þetta voru þeir Þórir Jensen, stallari klúbbsins, og Baldvin G. Heimisson, formaður afmælisnefndarinnar. Þá veitti hann eiginkonu Baldvins, Þórlaugu Guðmundsdóttur, sérstaka viðurkenningu fyrir alla hjálp hennar við undirbúning 60 ár afmælisins. Ennfremur sæmdi hann meðstjórnendur sína, þá Guðmund I. Benediktsson og Þórhall M. Einarsson, verðlaunum forseta (President's Award) fyrir vel unnin störf í vetur. Loks sæmdi hann Ottó Schopka sömu verðlaunum fyrir ritun 60 ára sögu klúbbsins.

Allmargir veislugesta tóku til máls og færðu klúbbum kveðjur. Lovísa Christensen færði klúbbum kveðjur frá Krýsuvíkursamtökunum og þakkaði ánægjulegt samstarf í gegnum árin. Jón H. Magnússon minnti á að Fjölur hefði gefið fyrsta blindrahundinn sem kom til Íslands, Sigurður Eggertsson sagði frá góðu samstarfi við Krýsuvík og vakti athygli á fréttum af góðum námsárangri vistmanns í Krýsuvík. Málfríður Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Eggertssonar, færði klúbbum kampavínsflösku, sem Ólafi hafði áskotnast fyrir a.m.k. aldarfjórðungi í Luxemburg en kampavínið var, skv. flöskumiðanum, sérstaklega framleitt fyrir Lionsklúbbinn Fjölur. Ekki



kunni hún nánari skil á tilkomu kampavínsflöskunnar og er hér með lýst eftir upplýsingum sem gætu varpað ljósi á þetta athyglisverða mál. Ásta Möller, ekkja Viggós Möller þakkaði klúbbum umhyggju fyrir ekkjunum og allar þær ánægjulegu stundir sem hún hafði átt með klúbbfélögum og eiginkonum þeirra fyrr og síðar. Þá sagði Ottó Schopka frá ritun sögu klúbbsins og mælti fyrir minni klúbbsins og loks flutti Jón Pálmason klúbbum kveðjur frá fjölum dæmi Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Síðan skemmtu gestir sér fram eftir kvöldi, m.a. við að skoða myndir frá starfi klúbbsins í 60 ár.

Um viku síðar fóru 8 klúbbfélagar með mökum sínum í 4 daga ferð til Skotlands og heimsóttu bæði Glasgow og Edinborg. Þótti sú ferð takast með ágætum.

Afhending Melvin Jones viðurkenninganna fór svo fram á fyrsta fundi klúbbsins nú í september og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri.

*Ottó Schopka
annálaritari Lkl. Fjölur*



Vestmannaeyjaferð Lionsklúbbs Grundarfjarðar

15-17. maí 2015



Aðalsteinn Þorvaldsson og Lína Hrönn Þorkelsdóttir við Stórhöfða.



Hópmýnd, höfnin í Eyjum.



Á Stórhöfða.



Stórhöfði.

Fyrir ferðina til Vestmannaeyja var mikil tilhlökkun af minni hálfu en þegar nær dró jafnframt nokkur beigur því veðurspá var orðinn nokkuð vond og minningar af sjóveiki fóru að gera óþrymlega vart við sig. Andlegur undirbúningur fyrir Herjólsferðina fauk út í veður og vind þar sem ég beið í Þorlákshöfn og sá brimið skvettist yfir hafnargarðinn sem er þó ansi hár og óárennilegur. Einnig höfðu okkur, sem biðum, borist fréttir af því að ælt hafi verið yfir einn Lionsmanninn sem hafði verið í fyrri ferð. Og meðan ég beið, eins og dæmdur maður, þá voru Lionsfélagar í Eyjum að setja á sig bindi og vellyktandi.

Og aldan reis og aldan seig í Herjólfí. Á meðan ég sat um borð og virti fyrir mér alla þessa kínamats take-out dalla sem starfsfólk Herjóls var að þvælast með - sátu aðrir Lionsmenn og röðuðu í sig kræsingum á veitingahúsi í Eyjum.

Aldan reis og aldan seig. Gott ef einhverjir Lionsfélagar pöntuðu sér ekki annan drykk en ég var velta fyrir mér í veltingnum hvernig ég gæti kastað af mér vatni án þess að míga á buxurnar mínar.

En að lokum hætti aldan að rísa og síga með svona miklum mætti og gullfalleg og tignarleg innsiglingin birtist, að lokum vorum við kominn til Eyja eftir blessunarlega sjóveikisfría siglingu, alltént af minni hálfu.

Á leiðinni á náttstað hittum við góðglaða Lionsfélaga og við að sjá hve mettir og sælir þeir voru þá gerði svengdin loks vart við sig. Í sjoppunni Klettinum getur maður fengið sér pylsu úr 50 ára gömlum pylsupotti og maður lætur slíkt tækifæri ekki ganga sér úr greipum og pantar franskar með. Meðan ég beið þá skoðaði ég úrvalið á vídeóleigunni og minntist með nostalgíu æskuáranna þegar maður eyddi talsverðum tíma við slíka iðju. Maturinn var fínn og dagurinn var að kvöldi kominn og við tókum á okkur náðir.

Nýr dagur hófst með heimsókn til Lionsmanna í Eyjum í félagsheimili þeirra, Arnardranga. Þar var vel tekið á móti okkur, við snæddum morgunverð og var sagt frá starfi Lionsklúbbsins í Eyjum, sögu klúbbsins og verkefnum í gegnum árin. Frá Arnardröngum var gengið í Sædýrasafnið sem er virkilega skemmtilegt safn og barn síns tíma. Þar inni var hægt að skoða ýmsa furðufiska - hvert sem litið var og gæludýr safnsins, lundi, vakti mikla athygli og var honum mikið klappað og spjallað við hann.

Eftir sædýrssafnið stigum við um borð í rútu og keyrðum um þorpið undir leiðsögn mikils sögumanns. Sögurnar voru stórskemmtilegar, um menn og lífið í þorpinu, gosið og staðina sem við heimsóttum, sem voru m.a. Stórhöfði - í logni þegar við komum þarna - ekki nema 12 m/sek., Herjólsdalurinn og víðar fórum við. Lygasögurnar urðu magnaðar eftir því sem leið á ferðina, ég nánast missti rænu af hlátri þegar hann sagði söguna af miklum viðrekstri og eðalgasi.

Við fórum í Eldheima sem var ógleymanleg heimsókn, og ekkert okkar gekk þaðan út ósnert af þeirri sögu sem sögð er þar og er óhætt að mæla með heimsókn í það safn, jafnvel þótt það eitt sé gert í heimsókn til Eyja. Eftir Eldheima tók við frjáls tími og hópurinn tvístraðist um koppa og grundir. Flestir fengu sér eitthvað gott að borða og við litum í búðir. Þar var okkur tekið sem lávörðum, boðið hvítvín og veitingar. Við skjölluð upp úr skónum og okkur sagt hversu miklar hetjur við værum að koma til Eyja, frá Þorlákshöfn, í svona vondu veðri, aðrir hefðu afboðað sig. Þetta svona svínvirkaði enda var mikið verslað, svo mikið að verslunarmaðurinn bauð okkur að koma aftur, væri til í að borga ferðina.

Þá voru menn klárir fyrir kveldið og við áttum saman frábært kvöld með Lionsfélögum í Eyjum í fordrykk og mat á spánýjum veitingastað



Morgunverður í Arnardröngum hjá Lionsmönnum í Eyjum.



Formenn klúbbanna standa saman.



Hulda Vilmundardóttir og gælulundi Sædýrasafnsins.

við höfnina, Tanganum. Það var virkilega gaman að sitja blandað til borðs með Eyjamönnum og fá tækifæri til að kynnast nýju fólki.

Daginn eftir kúrdú margir frameftir morgni en nokkrir tóku fyrstu ferð í land. Lionsfélagar fóru um eyjuna og skoðuðu sig um, fengu sér að borða og áttu notalega stund. Þetta var skítinn dagur að því leyti að það virðist ekki vera nokkur leið að á átta sig á því hvenær Herjólfur, kemur, leggur af stað eða hvert ferjan fer, er það Þorlákshöfn eða Landeyjar? Eyjamenn virðast bara finna þetta á sér og fregnir af brottför eða ekki-brottför voru í algjörum véfréttastíl en við fengum

hjálp og rétt skilaboð og við komumst um borð og sigldum til Landeyjarhafnar í fínu veðri en það verður að viðurkennast að ég varð smá stressaður þegar Herjólfur kom að Landeyjarhöfn enda má ekki mikið út af bera þar. En allt gekk þetta smurt enda hæfir menn að sigla og allir komust heilir heim. Lionsfélagar í Grundarfirði þakka Lionsfélögum sínum í Eyjum innilega fyrir fallegar og góðar móttökur. Takk fyrir okkur.

F.h. Lionsklúbbs Grundarfjarðar
Aðalsteinn Þorvaldsson.

VILLIBRÁÐARHLAÐBORÐ PERLAN 22. OKT-18. NÓV.



Lkl. Grindavík

Starfsárið hjá Lionsklúbbi Grindavíkur hófst síðustu helgina í ágúst með ferðalagi. Farið var með langferðarþreifi á Snæfellsnes. Fjöldi þeirra sem fór var 50 með mökum. Pétur Gíslason formaður ferða- og skemmtinefndar sá að mestu um undirbúning enda er hann ættaður af svæðinu nánar tiltekið frá Hellissandi. Leiðin lá til Stykkishólms þar sem gist var í tvær nætur. Á laugardagsmorguninn var ekið af stað með þaukunnugum fararstjóra, Sæmundi Kristjánssyni og ekið var yfir Fróðárheiði á Stapa, Hellnar og síðan farið niður á Djúpálónssand.



Spekingar spjalla á Djúpálónssandi: FV. Ólafur R. Sigurðsson, Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson, Sigmar Eðvarðsson og Guðmundur Einarsson.

Þar áttu Lionsfélagar og makar saman góða stund í miklu blíðviðri. Þaðan var síðan ekið til Hellissands á æskustöðvar Péturs. Þar komu menn ekki að tómunum kofanum eins og sjá má á myndunum. Hann var þar eðlilega á heimavelli með þessum frábæra fararstjóra. Farið var á Sjóminjasafnið á Hellissandi undir styrkri leiðsögn Péturs og Sæmundar.



Fremst: Helga Emilsdóttir og Guðrún Halldóra Jóhannesdóttir. Að ferðalagi loknu fór fólk heim á hótél og gerði sig klárt fyrir ljómandi góðan kvöldverð. Sérstakur gestur Lionsklúbbsins var Sigurður Ágústsson og frú frá Stykkishólmi.



Frá vinstri: Sólveig Ólafsdóttir, Sigurður Ágústsson, Erla Björg Guðrúnardóttir og formaður vor Eiríkur Óli Dagbjartsson.

Allt var þetta gert með glæsilegum hætti og bros á öllum andlitum. Á sunnudeginum var ekið heim á leið en staldrað við í Stríðsminjasafninu í Hvalfirði.



Þessi hópmýnd er tekin við Stríðsminjasafnið í Hvalfirði.

Fyrsti félagsfundur var síðan haldinn í Salthúsinu í Grindavík 22. sept. Þar afhenti formaður, Eiríkur Óli Dagbjartsson, formönnum nefnda embættismöppur.

Gunnar Vilbergsson
Einar Lárusson
Myndir Hörður Jónsson



Umhverfiskorn

Flokkum lífrænt hráefni frá öðrum úrgangi fyrir sorpurðun

Að flokka sorp er mikilvæg dyggð. Ekki er mjög langt síðan engu var fleygt á íslenskum heimilum, svo varla er hægt að fullyrða að um einhverja nýjung sé að ræða.

Úrgangur heimilanna

Hver meðalfjölskylda skilar frá sé um 1,4 tonn af heimilissorpi. Um 20-30% af því eru lífræn efni og hvert mannsbarn lætur því frá sér um 70-100 kg af lífrænum úrgangi á ári.

Málinu er ekki lokið með því að binda fyrir ruslapokann og láta hann niður rennuna, í tunnuna eða í ruslagáminn. Heilt ferli hefst einmitt þar. Hvað verður eiginlega um sorpið?

Sorpið er sótt heim í flestum tilfellum, stundum pressað í sérstökum pressubílum og það svo keyrt á haug. Þar er sorpinu ýtt saman og jarðlag sett yfir. Nú taka við allskonar örverur eins og bakteríur og sveppir sem koma af stað niðurbrotsferli í haugnum sem getur tekið fleiri ár, jafnvel áratugi. Sumt brotnar fljótt niður, annað (mjög) hægt, allt eftir aðstæðum svo sem efniseiginleikum, súrefnismagni á staðnum, veðurfari og svo framvegis.

Jarðgerð – rotnun með tilkomu súrefnis

Örverur „klippa“ langar frumeindakeðjur, til dæmis sykrur og fitur, í smærri einingar, svipað og gerist í meltingarvegi dýra og manna. Við það myndast orka sem örverur þurfa til að lifa og fjölga sér. Ef nægt súrefni er fyrir hendi meðan rotnunin stendur yfir myndast meðal annars vatn, koltvísýringur (CO₂) og „kompost“, eða molta, jarðvegur sem samanstendur af (meira eða minna rotnuðum) lífrænum efnum og steinefnum, eins og í skógarjarðvegi. Molta þykir besti jarðvegsbætir og gerir jarðveginn frjósamari og léttari og um leið heilbrigðari. Víða vinna sem með þetta ferli, það er kallað Jarðgerð, gagnast það til að framleiða moltu sem er hin besta gróðurmold fyrir pottablóm eða garðplöntur.

Molta getur komið í stað fyrir mosamó sem er notaður við trjárækt og er tekinn úr viðkvæmu mýrlendi, til dæmis í Finnlandi, og hefur í för með sér töluvert jarðrask þar. Jarðgerð getur farið fram við heimahús í moltukassa eða jarðgerðartunnu sem smíða má úr timbri og fæst einnig keypt í nokkrum stærðum og gerðum. Flestum þeim sem stunda heimajarðgerð þykir það gaman og fróðlegt og vilja ekki vera án þess framar þó að vandamál geti komið upp (til dæmis flugur og ólykt). Ef rétt er að henni staðið getur heimajarðgerð hins vegar farið vandræðalaust fram. Í nokkrum sveitarfélögum fer fram jarðgerð í stórum stíl og fer þeim fjlgandi



Súrefnislaus rotnun

Þegar rotnun lífrænna efna fer fram við súrefnissnauðar aðstæður, til dæmis á stórum sorphaugum, myndast einnig metangas (CH₄) sem er talið vera allt að fjórfalt skaðlegri gróðurhúsalofttegund en CO₂. Metangas er ágætis orkugjafi og Sorpa safnar því núna úr sorphaugum Reykjavíkur.

En það er fleira sem gerist í stórum sorphaugum þar sem súrefni er af skornum skammti. Þungmálmar sem leysast upp og leka úr sorphaugi bindast frekar í súrefnissnauðu umhverfi við súlfíð og moltukennd efnasambönd sem myndast í sorphaugnum. Með öðrum orðum verða við súrefnislausar aðstæður til málmsúlfíð sem bindast jarðvegsögnum. Þetta kemur í veg fyrir að þungmálmar berist í grunnvatn og á þann hátt inn í umhverfið „bakdyramegin“.

Sumir halda því fram að þungmálmar eigi greiða leið út í grunnvatnið þegar við tökum allan lífrænan úrgang úr sorpinu. Enn er þó verið að rannsaka þetta, til dæmis í Hollandi, og er það alls ekki vitað fyrir víst.

Nokkrir kostir við að flokka lífrænan úrgang frá öðrum úrgangi:

- minni losun metangass út í andrúmsloftið, ef gasið er ekki nýtt
- framleiðsla á gróðurmold
- orku- og auðlindasparnaður
- efling umhverfisvitundar
- gaman að jarðgera heima
- heimafenginn jarðvegsbætir
- minna sorp urðað

Heimild: Vísindavefur HÍ

Alþjóðaforseti Lions 2015-2016

Forseti Lions frá Japan

Dr. Jitsuhiro Yamada, frá Minokamo, Gifu, hefur verið Lionsfélagi síðan 1985. Kona hans Dr. Toshiko Yamada er lækni, Lionsfélagi og Progressive Melvin Jones félagi. Þau eiga einn son, eina dóttur og þrjú barnabörn.

Læknir og athafnamaður

Yamada er heilaskurðlæknir og hann á og rekur nokkur sjúkrahús og er einnig stjórnarformaður í nokkrum heilbrigðisstofnunum. Hann er virkur í alþjóðlegum samskiptum, er forseti vinasambanda við mörg ríki Evrópu og hefur fengið viðurkenningar fyrir það starf. Einnig er hann heiðurs-ríkisborgari Beijing, Kína.



Kjörorðin: Virðing – Samhljómur – Mannúð



Yamada heimsækir Ísland

Alþjóðaforseti Lions Dr. Jitsuhiro Yamada verður í heimsókn á Íslandi 30. og 31. október. Fjölbreytt dagskrá verður fyrir Yamada, þar sem hann kynnist verkefnum okkar og hittir Lionsfólk. Toshiko eiginkona hans kemur ekki með til Íslands, en túlkur hans Yoshiko Merz er með í för.

OPIÐ HÚS verður í Lionsheimilinu föstudaginn 30. október kl. 17:00-19:00

Allir velkomnir – Takið daginn frá – Fjölmennum.
Missið ekki af tækifæri til að hitta forsetann okkar.

Guðrún Björt

Fræðslukorn

Lionshreyfingin barst til Íslands árið 1951 þegar fyrsti klúbburinn, Lionsklúbbur Reykjavíkur, var stofnaður hinn 14. ágúst. Ísland er sjálfstætt fjölumdæmi innan Alþjóðasambands Lionsklúbba og nefnist fjölumdæmi 109 sem síðan skiptist í umdæmi 109A og 109B. Í umdæmi A eru 50 klúbbar með 1.243 félaga og í umdæmi B eru 35 klúbbar og 2 deildir með 929 félaga. Lionsfélagar á öllu landinu eru þannig í dag 2.272 talsins. Einn Lionessklúbbur er starfandi. Í Lions vinna saman konur og karlar, ungir og aldnir. Framan af var Lions eingöngu félagsskapur karla. Konur komu inn í hreyfinguna með stofnun Lionessklúbba. Árið 1987 fengu konur sama rétt og karlar í Lionsklúbbum. Í dag eru konur um 20% félaga og er markvisst unnið að fjölgun kvenna í Lionshreyfingunni. Lionsfélagar láta gott af sér leiða á sviði mannúðar- og menningarmála. Klúbbar styðja sitt byggðarlag og taka þátt í landsverkefnum og alþjóðlegum verkefnum. Lionsfélagar leggja lið þeim sem minna mega sín, m.a. sjúkum, sjóndöprum og fötludum. Einnig eru verkefni tengd börnum, öldruðum, menningarmálum og umhverfi. Íslenskir Lionsklúbbar taka þátt í alþjóðastarfi Lions.



Þýðing: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals, GLT fulltrúi 109B

Lionsklúbburinn Embla



Guðmunda Auðunsdóttir, formaður afhendir Jóni Pálmasoni, Emblufána.

Emblukonur tóku til starfa í sept. s.l. og héldu fyrsta fund vetrarins í Grímsborgum, ríki Ólafs Laufdal, sem var mjög gaman og vel tekið á móti okkur. Þetta er glæsilegur staður til að vera á og halda fundi. Þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar, með formann okkar í broddi fylkingar Guðmundu Auðunsdóttur, sem er rögsöm kona og góður Lions félagi.

Á annan fund okkar kom góður gestur í heimsókn, Jón Pálmason, umdæmisstjóri 109A, sagði okkur frá sjálfum sér, um Lions mál og einnig um frambod Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur í stöðu alþjóðaforseta Lions, sem er stórkostlegt og við höfum mikla trú á okkar konu í þetta stóra embætti. Fjórar Emblukonur fengu starfsaldurs viðurkenningu sem Jón Pálmason veitti þeim, tvær voru ekki á fundinum og færir formaður þeim viðurkenningar skjölin við fyrsta tækifæri.

Áður en starfi okkar lauk í vor, var farið í gróðursetningarferð í Hellisskóg en þar eigum við Emblulund sem gefin var af Lionsklúbbi Selfoss, og gróðursetjum við þar á hverju vori tré fyrir fráfarandi formann, og í ár var það Margrét Jónsdóttir sem fékk gróðursett tré sér til heiður, þetta er skemmtilegur siður.

Við vorum með fjáröflun í sumar, skárum rabbabara á Löngumýri á Skeiðum, þetta er árisst hjá okkur, reglulega skemmtilegt og myndast góð stemming, þegar hressar Emblur mæta til starfa.

Svo fer að stytast í að jólakortin okkar komi úr prentun, og það er alltaf jafn spennandi að sjá hvaða mynd prýðir kortin hvert ár, en það er Lionsmaðurinn Jón I. Sigurmundsson sem teiknar á hverju ári fyrir okkur nýja mynd og kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Þetta er stærsta fjáröflunin hjá okkur og hefur gengið ótrúlega vel undanfarin ár, og við vonum að svo verði einnig í ár, enda eru kortin alltaf einstaklega falleg.

Þetta nýja starfsár leggst vel í okkur Emblukonur, við höldum áfram styrkja og styðja skjóstaðinga okkar, mest í nærumhverfinu og eitt af því sem við höldum áfram með er að gefa fallega bangsa sem keyptir eru hjá VISS, vinnustofu fatlaðra á Selfossi. Við gefum þá í sjúkrafreiðarnar okkar handa börnum sem þarf að flytja með þeim og þetta veitir þeim mikla gleði og þau gleyma oft öllu öðru. 24. okt. n.k. verður Diskótekið okkar fyrir fatlaða, sem er alltaf hápunktur í starfinu því þar skemmta allir sér vel saman, dansa, syngja og fá svo kaffi og gott meðlæti á eftir. Við höldum Diskótek tvisvar á ári, vor og haust fyrir fólkið okkar, enda afar skemmtilegt og gefandi.

Embluféttum lokið að sinni, og sendum við ykkur góðar lionskveðjur frá Selfossi, með kjörorðum okkar, „Gaman saman“ og „Margar hendur vinna físlétt verk“

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi Lkl. Emblu



Nýja stjórnin á fundi í Grímsborgum.



Emblukonur í Grímsborgum.



Jón Pálmason afhenti Dórey Stöm og Þuríði Þórmundsdóttur starfsaldurs viðurkenningu.



Lionsklúbbur Reykjavíkur

Fyrsti lionsklúbbur á Íslandi og enn í fullu fjöri

Lionsklúbbur Reykjavíkur var stofnaður þriðjudaginn 14. ágúst 1951 á hádegisverðarfundum að Hótel Borg. Samkvæmt fyrstu fundargerðabók klúbbsins voru stofnendur ellefu talsins eða þeir Magnús Kjaran, Guðbrandur Magnússon, Hersteinn Pálsson, Sigurður Bjarnason, Kristján L. Gestsson, Stefán Sandholt, Davíð Ólafsson, Páll Ásgeir Tryggvason, Pétur Ólafsson, Gylfi P. Gíslason og Einvarður Hallvarðsson. Hilmar Foss var einnig talinn einn af guðfeðrum klúbbsins en hann er þó ekki skráður félagi fyrr en 1952. Í lýsingu á stofnfundinum kemur fram að þar hafi ungur drengur, ónafngreindur, borið fram bikar með kampavíni til þess að fundarmenn gætu skálað fyrir klúbbum. Það var virðuleiki viðhafður í þá daga. Þessi ungi drengur var reyndar Magnús Pétursson, dóttursonur Magnúsar Kjaran og sonur Péturs Ólafssonar, eins af stofnendunum. Magnús yngri varð síðan einn af góðum félögum í Lionsklúbbi Reykjavíkur um áratuga skeið og er sennilega eini félagi klúbbsins sem er þriðji ættliður lionsfélaga.

Strax frá upphafi tók klúbburinn málefni blindra og sjónskertra upp á sína arma undir kjörorðinu: *Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga*. Fyrstu 24 hvítu blindrastafirnir voru keyptir og teknir í notkun árið 1954 og var það mikil bylting. Næst gaf klúbburinn kr. 10.000 árið 1955 til úrakaupa fyrir sjónskerta. Síðar komu fleiri gjafir vegna blindra og sjónskertra svo sem smásjá til augnlækninga fyrir Landakot en smám saman urðu viðfangsefni fjölbreyttari. Eitt sinn voru keypt þrekhlól fyrir Reykjaland, sem ýmsum félögum þótti einkennileg ráðstöfun, enda þrekhlól ekki mikið þekkt á þeim tíma. Það bætti ekki stöðu líknamefndarinnar árið eftir þegar Reykjalandur óskaði eftir því að klúbburinn gæfi hjartastuðtæki til þess að nota ef menn liðu út af á hjólunum! Á síðari árum hafa verkefni smám saman breyst og áhersla lögð á að styrkja aðila eins og Alheimersamtökin, Parkinsonsamtökin og Ljósið en Ljósið fékk nýlega kr. 1.000.000 að gjöf frá klúbbum.

Starfsemi klúbbsins komst fljótt í fast form. Fundir voru í hádeginu tvisvar í mánuði og voru lengi í Tjarnarbúð í Oddfellowhúsinu. Þá var félagafjöldinn orðinn um eða yfir sextíu. Margir félaganna unnu í miðbænum og það var ekki óalgengt að sumir flyttu sig yfir á Hótel Borg að fundi loknum og héldu þar áfram að ræða málin fram eftir degi. Þetta lagðist af þegar fundir fluttust úr miðbænum og hraðinn í þjóðfélaginu jókst. Það er líklegt að við það hafi fyrst farið að orla á brotthvarfi félaga úr klúbbum sem síðan jókst þegar breytt var yfir í kvöldfundi. Aðrir fastir liðir í starfsemi voru herrakvöld til fjáröflunar og vorferð með eiginkonum. Þetta er nær óbreytt í dag nema að fundirnir eru nú einu sinni í mánuði og herrakvöldin hafa breyst í almenn fjáröflunarkvöld.

Vorferðir klúbbsins hafa alltaf verið vinsælar. Það er gaman að



Afmæliserfð 14. ágúst, 1955. Hér er að við Bolabás á Þingvöllum.



Stofnfundur Lionsklúbbs Reykjavíkur 14. ágúst, 1951.

Sitjandi: Gunnar Rocksén (gestur), Björn Ólafsson (gestur), Magnús Kjaran, Ásgeir Ásgeirsson (gestur) og W. Ohlsen (gestur).

Standandi: Pétur Ólafsson, Páll Ásgeir Tryggvason, Hersteinn Pálsson, Davíð Ólafsson, Guðbrandur Magnússon, Stefán Sandholt, Einvarður Hallvarðsson, Gylfi P. Gíslason og Kristján L. Gestsson. Á myndina vantar Sigurður Bjarnason.



Herrakvöldið „Allt úr lambinu“ 1972. Ásbjörn Einarsson, núverandi formaður ritnefndar Lionsklúbbs Reykjavíkur, er lengst til hægri.

Myndin er úr Morgunblaðinu, ljósmyndari Ólafur K. Magnússon.

skoða gamlar myndir úr vorferðunum, þar sem karlarnir voru í frökkum og margir með hatt á höfði og konurnar í kápum, einnig með hatta eða slæður. Svo fór hópurinn í leiki og sést jafnvel við að „hlaupa í skarðið“ á Þingvöllum án þess einu sinni að taka niður hattana. Margar góðar myndir frá þessum árum eru í gögnum klúbbsins sem varðveitt eru á Borgarskjalasafni en Vigfús Sigurgeirsson, ljósmyndari, var ötull við að taka ljósmyndir af viðburðum hjá klúbbum og lionshreyfingunni allri. Vorferðirnar eru enn mjög vinsælar og fjölsóttar og mæta þar oftast um 40-50 manns. Einnig hefur venjulega verið farið í gróðursetningarferð að Gunnfríðarstöðum í Blöndudal einu sinni á sumri en þar hefur klúbburinn skógarreit.

Herrakvöldin voru á margan hátt hápunktur vetrarstarfsins. Mesta gróskan var eftir að félagarnir Bjarni Ingvar Árnason og Pétur Kristjánsson tóku við skipulagningu þeirra undir nafninu „Allt úr lambinu“. Þeir fengu matreiðslumeistarann Gísla Thoroddsen í lið með sér við að töfra fram hina ótrúlegustu rétti. Einn sá eftirminnlegasti voru djúpsteiktir lambsheilar. Mikið var sungið á herrakvöldum enda voru góðir og áhugasamir söngvarar í klúbbum svo sem Kristján Kristjánsson, Kristinn Bergþórsson og Magnús Jónsson. Og ekki minnkaði stemmingin ef Guðrún Á. Símonar kom og tók lagið með



Vorferð í Borgarfjörð árið 2014.

þeim. Málverkaupborð voru fastur liður um tíma og þá var oft spurning hvernig ætti að sannfæra makann um gæði keyptrra verka við heimkomuna!

Með breyttum tímum hafa herrakvöldin breyst í fjölskyldukvöld klúbbfélaga og gesta þeirra, þar sem happdrætti er megin fjáröflunarleiðin. Í boði hafa verið glæsilegir happdrættisvinningar, sem velunnarar klúbbsins hafa góðfúslega gefið. Fjöldi vinninga á móti útgefnum miðum hefur verið slíkur að flestir hafa farið heim með einn eða fleiri vinning. Hagnaður af þessum kvöldum er nú oftast um kr. 1.000.000. Klúbburinn hefur aldrei verið með önnur umtalsverð fjáröflunarverkefni nema að taka þátt í sameiginlegum átaksverkefnum lionshreyfingarinnar eins og Rauðu fjöðrinni.

Starfsemi Lionsklúbbs Reykjavíkur var með ágætum fram á síðasta áratug liðinnar aldar. Þá fór klúbburinn ekki varhluta af þeim breytingum, sem þjóðfélagið hefur tekið, frekar en annað félagsstarf í landinu. Af því leiddi að smám saman fækkaði svo í klúbbnum að til auðnar horfði undir síðustu aldamót. Oft mættu þá aðeins 5-10 félagar á fundi. Þeir félagarnir Sigurður B. Oddson og Steingrímur Gröndal sáu þá að við svo búið mátti ekki standa og tóku til sinna ráða. Það vildi svo vel til að enn voru innanborðs gamlir félagar úr Skíðadeild KR og sóttu þeir nýja féлага í þann þetta kjarna sem hafði myndast í kringum rekstur skíðasvæðisins í Skálafelli fyrir á árum. Þannig fjölgaði félögum um nýu veturinn 2001-2002 og síðan hefur starfsemin öll verið upp á við. Segja má að þessi innkoma KR-inga sé vel við hæfi þar sem klúbburinn hafði lengst af mikið af forystumönnum KR í sínum röðum. Má þar nefna Kristján L. Gestsson, Gísla Halldórsson, Björgvin Schram, Svein Björnsson, Einar Sæmundsson, Birgi Þorvaldsson o.fl. Sumir síðameistarar klúbbsins beittu þá því bragði að meta KR-merkið sem jafngilt lionsmerkinu ef sektargreiðslur vegna merkisleysis voru á dagskrá og lítil stemming á fundinum. Þetta dugði venjulega til þess að koma af stað líflegum umræðum um ofríki KR-inga og allir fóru ánægðir heim!

Í dag eru rúmlega þrjátíu félagar í Lionsklúbbi Reykjavíkur. Núverandi stjórn skipa þeir Ragnar Ólafsson, formaður, Þormar Ingimarsson, gjaldkeri, og Þorsteinn Ragnarsson, ritari. Fundarsókn hefur verið mjög góð undanfarin ár og eins þátttaka í fjáröflunarkvöldum og vorferðum. Við félagarnir í Lionsklúbbi Reykjavíkur getum því horft björtum augum til framtíðar eftir rúmlega 64 ára starf.



Félagarnir Pétur Kristjánsson og Einar Sæmundsson, forustumenn í Lionsklúbbi Reykjavíkur til margra ára, fóðra grísinn Birgittu, en í hana er safnað fé á klúbbfundum. Hún er skírð í höfuðið á gefandanum, Birgi Þorvaldssyni, sem var lengi öflugur félagi í klúbbnum.



Sigurður B. Oddson og Magnús V. Ármann. Sigurður gekk í klúbbinn árið 1977 og hefur oftast allra verið formaður hans eða fjórum sinnum. Magnús er með lengstan starfsaldur núverandi félaga en hann gekk í klúbbinn árið 1970. Hann hefur þrisvar verið formaður nú síðast á 60 ára afmælisári klúbbsins.



Stjórn klúbbsins starfsárið 2015-2016. Þormar Ingimarsson, gjaldkeri, Ragnar Ólafsson, formaður og Þorsteinn Ragnarsson, ritari.



Það er ekki alltaf sólskin í skógræktinni! Árleg gróðursetningarferð að Gumfríðarstöðum í Blöndudal en þar hefur klúbburinn skógarreit.



Guðjón Ólafsson og Þorkell Helgason eru öflugir í skógræktinni eins og öðrum störfum fyrir klúbbinn.



Stórtónleikar í Grafarvogskirkju 12. nóvember 2015



Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum til styrktar
Barna- og unglingsgeðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar

Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Fjallabráður, stjórnandi Halldór Gunnar Pálsson

Voces Masculorum

Geir Ólafsson

Glowie

KK og Ellen

Páll Rósinkranz

Stefán Hilmarsson

Gissur Páll Gissurarson

Guðrún Árný Karlsdóttir

María Ólafsdóttir

Ragnar Bjarnason

Þóra Einarsdóttir

Undirleikarar: Jónas Þórir
Matthías Stefánsson
Þorgeir Ástvaldsson



Almannagepp Grafarvogskirkju eftir Laif Einarssjón

Hinnun. Sigrún Árný Stenólfsson, LSH, Fjörgyn



Kynnir, Gísli Einarsson



Lkl. Fold selur veitingar í hléi

Verð aðgöngumiða kr. 4.500

Miðasala á eftirtöldum stöðum:



Ártúnshöfða
Gagnvegi

midi.is

Álfheimum
Gullinbrú



VALITOR



motus



LÖNDUN EHF.

EXTON



LITRÓF